Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 2. janúar 2024
23111605/600.03 AKG

Efni: Engihjalli 8, umsögn um rekstrarleyfi fyrir veitingastað.

Með bréfi, dags. 24. nóvember 2023 óskaði Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu eftir umsögn Kópavogsbæjar um umsókn Andra Veitingar ehf., kt. 510923-0300, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, að Engihjalla 8, 200 Kópavogi, skv. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. gr. rgl. nr. 1277/2016.

Samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 staðfestir sveitarstjórn, sem umsagnaraðili, að staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Um afgreiðslutíma áfengis vísast til lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015. Er um að ræða rekstur veitingastofu og greiðasölu að Engihjalla 8 á svæði sem er skilgreint verslun og þjónusta skv. aðalskipulagi.

Staðsetning er í samræmi við gildandi skipulag og opnunartími er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 25. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015. Rekstrarleyfið samrýmist því skipulagi á umsóttu svæði.

Með tilliti til alls framanritaðs mælir undirrituð með að veitt verði jákvæð umsögn.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín G.
f.h. lögfræðideildar Kópavogs
Anna Kristín Guðmundsdóttir
lögfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026